

59. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. febrúar 2026 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Gísli Hólmar Jóhannesson, varafulltrúi Keilis
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar
Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Berglind Kristinsdóttir boðaði forföll á fundinn og varamaður mætti í staðinn. Fundargerð síðasta fundar og ársfundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Gæðastefna Þekkingarsetursins

Stefnur og verkferlar sem tengjast gæðastefnu Samtaka þekkingarsetra, voru ræddar og samþykktar af stjórn. Gögnin höfðu verið send stjórnarmeðlimum fyrir fundinn til yfirferðar, og verða aðgengilegar á vefsíðu Þekkingarsetursins.

2. Ný verkefni og styrkir

Forstöðumaður sagði frá nýjum verkefnum og verkefnastyrkjum sem ýmist hafa verið samþykktir eða eru í umsóknarferli. Tveggja milljón króna styrkur fékkst úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja fyrir verkefninu Hvar eru hvalirnir? Umsóknir í fleiri sjóði vegna verkefnisins eru í vinnslu. Þekkingarsetrið hefur tekið að sér verkefnisstjórn vegna afmælishátíðar Fjölbautaskóla Suðurnesja, en skólinn verður 50 ára 11. september næstkomandi.

3. Sumarið

Rætt var um starf sumarstarfsmanns en ljóst er að ráða þarf nýjan þar sem Aron hefur hafið störf annarsstaðar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 21. maí kl. 14:30. Í framhaldi verður ársfundur Þekkingarsetursins sama dag kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 15:50.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - sign

Gísli Hólmur Jóhannesson - sign

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Sindri Gíslason - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign